

25. SEPTEMBER
2022

HARPA
ELDBORG



Ungsveitin spilar Rakhmanínov

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Áætluð tímalengd: 60'

Rás 1 tekur upp tónleikana og verða þeir sendir út síðar.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Ungsveitin spilar Rakhmanínov

TÓNLEIKAR Í ELDBORG
25. SEPTEMBER KL. 17:00

Ungsveit
Sinfóníuhljómsveit Íslands

Kornilios Michailidis
Hljómsveitarstjóri

Sergej Rakhmanínov
Sinfónía nr. 2 í e-móll, op. 27 (1908)
Largo - Allegro moderato
Allegro molto
Adagio
Allegro vivace

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Kornilios Michailidis

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Gríski hljómsveitarstjórinn Kornilios Michailidis stundaði píanónám í París og Bandaríkjunum og lauk meistaraþrófi í hljómsveitarstjórn við Sibeliusarakademíuna í Helsinki. Hann var aðstoðarstjórnandi Finnsku útvarpshljóm-sveitarinnar 2016–2017 og gegndi sömu stöðu við Fílharmóníusveit franska útvarpsins á árunum 2018–2020. Hann hefur stjórnað fjölda hljómsveita, þar á meðal Sinfóníuhljómsveitinni í Lahti, Grísku útvarpshljómsveitinni og hljómsveit Parísaróperunnar. Í óperuhúsum hefur hann meðal annars stjórnað Töfraflautu Mozarts við Teatro Real í Madrid sem og Falstaff eftir Verdi og La clemenza di Tito eftir Mozart í Helsinki þar sem hann aðstoðaði einnig við uppsetningu á óperunni Only the Sound Remains eftir Kaiju Saariaho.

Eftir sigur í Alþjóðlegu píanókeppninni í Mayenne í Frakklandi ferðaðist Kornilios Michailidis um Evrópu, Ísrael og Bandaríkin og hélt einleikstónleika þar sem hann lék annars vegar þrjár síðustu sönötur Beethovens og hins vegar efnisskrá tileinkaða verkum Skrjabíns. Þá lék hann á tónleikum með fiðluleikaranum Sergej Krylov og fyrsta píanókonsert Rakhmanínovs með Sinfóníuhljómsveitinni í Aþenu. Árið 2016 stofnaði hann Tónlistarhátíðina í Koufonisia, þar sem klassísk tónlist hljómar á einni af smæstu eyjum Grikklands.

Kornilios Michailidis var staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021–2022.



Ungsveit SÍ

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands var stofnuð árið 2009 og hefur vakið verðskuldaða athygli. Fjöldi ungmenna úr tónlistarskólum landsins taka þátt í hljómsveitarnámskeiði Sinfóníuhljómsveitar Íslands ár hvert í Hörpu. Markmiðið með Ungsveitinni er að gefa tónlistarnemendum vettvang til að kynnst hinum sífóníska heimi af eigin raun, og njóta þjálfunar og leiðsagnar í hljómsveitarleik eins og um atvinnumennsku væri að ræða. Hljóðfæraleikarar Ungsveitarinnar þurfa að standast prufuspil sem líkir eftir aðstæðum prufuspila hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hljómsveitin í ár er skipuð tæplega 80 ungum hljóðfæraleikurum en einnig koma hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands að verkefninu með þjálfun og undirbúningi, auk þess leika nokkrir þeirra með Ungsveitinni hér í dag.

Ungsveitin hefur flutt mörg helstu verk tónbókmenntanna undir styrki stjórn fyrsta flokk hljómsveitarstjóra, m.a. Rumon Gamba, Petri Sakari, Ilan Volkov og Evu Ollikainen, sem öll hafa gegnt stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Umsjón Ungsveitarinnar er í höndum Hjördísar Ástráðsdóttur, fræðslustjóra SÍ. Á næstu vikum verður tilkynnt um verkefnaval sveitarinnar að ári og verða prufuspil haldin vorið 2023.

Eliza Reid forsetafrú er verndari Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



Sergej Rakhmanínov

SINFÓNÍA NR. 2

Sergej Rakhmanínov (1873-1943) fæddist í Starorusskíj-héraði í grennd við Novgorod í norðurhluta Rússlands. Hann sýndi snemma mikla tónlistarhæfileika og komst í fljótlega læri hjá einkakennara áður en fjölskyldan fluttist búferlum til Sankti Pétursborgar árið 1882. Í öndverðu hafði faðir Rakhmanínovs hug á að drengurinn sækti sér frama innan hersins en fjölskyldan var lítt efnum búin og herskóli reyndist of dýr. Það var kannski eins gott því um svipað leyti hlaut Rakhmanínov inngöngu í Tónlistarháskólann í Sankti Pétursborg. Hann var enginn afburðanemandi en hæfileikarnir voru óumdeildir. Tólf ára gamall var hann því sendur til Moskvu. Þar naut hann þar leiðsagnar Nikolajs Zverevs og lauk lokaprófi í tónsmíðum frá Tónlistarháskólanum í Moskvu. Hinn ungi Rakhmanínov hlaut hæstu einkunn og æðstu viðurkenningu skólans sem aðeins tveimur öðrum nemendum hafði áður fallið í skaut. Á Moskvuárunum komst Rakhmanínov í kynni við marga af helstu tónlistarmönnum Rússlands, þar á meðal Pjotr Tsjajkovskíj sem átti eftir að hafa mikil áhrif á fyrstu tónsmíðar hans.

Rakhmanínov leit fyrst og fremst á sig sem tónskáld en hann var ekki bara hæfileikaríkur hljómsveitarstjóri heldur einnig einn fremsti píanóleikari veraldar á sinni tíð (hann var með óvenju stórar hendur). Sem tónskáld sótti hann innblástur í 19. öldina ásamt því að þróa áfram eigin síðrómantískan stíl. Tónsmíðum hans var þó ekki alltaf vel tekið. Fyrsta símfónían kollféll þegar hún var frumflutt í mars 1897 og hafði það mikil áhrif á sjálfstraust tónskáldsins. Raunar svo mikið að Rakhmanínov sökk í djúpt þunglyndi sem varði í nokkur ár. Eftir að hafa leitað sér aðstoðar árið 1900 fór að rofa til og í nóvember árið 1901 frumflutti hann píanókonsert nr. 2 við fádæma undirtektir. Smám saman hóf Rakhmanínov að semja á ný.

Árið 1906 fluttist Rakhmanínov ásamt fjölskyldu sinni tímabundið til Dresden í Þýskalandi, sumpart til þess að flýja stjórn málaástandið heima fyrir en líka til þess að fá næði til þess að vinna að nýrri símfóníu. Verkið – símfónía nr. 2 – leit dagsins ljós fullbúið í apríl 1907 og tónskáldið stjórnaði sjálft frumflutningnum í Mariinskij-leikhúsinu í Sankti Pétursborg í janúar 1908. Viðtökurnar voru afar góðar og fór verkið fljótlega sigurför um heiminn. Framan af var þó sá ljóður á flutningi víðast hvar (og eldri hljóðritunum einnig) að verkið var oftast en ekki flutt stytta (stundum með samþykki tónskáldsins) en óstytta tekur það um klukkustund í flutningi. Nú á dögum er verkið alltaf flutt í sinni upprunalegu gerð.

Eftir októberbyltinguna í Rússlandi flúði Rakhmanínov-fjölskyldan til Bandaríkjanna og gerðist þar bandarískir ríkisborgarar. Þar kom Rakhmanínov víða fram sem bæði píánisti og hljómsveitarstjóri – aðallega til að sjá fjölskyldunni farborða – en verulega dró að sama skapi úr tónsmíðaafköstum. Þannig samdi hann einungis sex verk vestra en fram að Ameríkuárunum (1917–1943) hafði Rakhmanínov samið 39 verk. Frægustu verkin sem tónskáldið samdi vestur í Bandaríkjunum eru án efa Rapsódía um stef eftir Paganíní, Símfónískir dansar og svo símfónía nr. 3. Rakhmanínov lést úr krabbameini í Kaliforníu í mars 1943, átta dögum eftir að hafa orðið sjötugur.

Símfónía nr. 2 er einn bautasteina síðrómantíkurrinnar með löngum línunum og þykku tónmáli. Hún er í fjórum þáttum. Fyrsti þáttur (*Largo – Allegro moderato*) hefst á dimmum inngangi þar sem upphafsstef verksins er kynnt til sögunnar. Smám saman vex verkinu ásmegin og við heyrum afar langar og ávalar línur í tilfinningaríku tónmálinu. Annar kaflinn (*Allegro molto*) er hraður og minnir á *Scherzo* og þó kannski ekki beint. Taktboðinn er 2/2 en venjulega er *Scherzo* í taktboðanum 3/4. Hægur þriðji kaflinn (*Adagio*) inniheldur ákaflega fallegt upphafsstef (sem Eric Carmen gerði frægt í laginu *Never gonna Fall in Love Again* árið 1976) en það leiðir yfir í langt klarínettusóló. Fjórði og síðasti kaflinn (*Allegro vivace*) hefst svo af krafti og niðurlag símfóníunnar er stórfenglegt þar sem við heyrum alla hljómsveitina leika á útopnu kóral-stef annars þátta. Verkið endar svo á dæmigerðum *ra-ta-ta-ta-ta* Rakhmanínov-endi.

Magnús Lyngdal Magnússon

Verkefni Ungsveitar SÍ

2009

Dmítríj Shostakovítsj: Sinfónía nr. 5
Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri

2010

Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 4
Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri

2011

Gustav Mahler: Sinfónía nr. 5
Baldur Brönniman, hljómsveitarstjóri

2012

Gustav Holst: Pláneturnar
Baldur Brönniman, hljómsveitarstjóri

2013

Hector Berlioz: Karnival í Róm
Claude Debussy: La mer
Edward Elgar: Sellókonert
Sæunn Þorsteinsdóttir, einleikari
Petri Sakari, hljómsveitarstjóri

2014

Pjotr Tsjajkovskíj: Rómeó og Júlía
Modest Músorgskíj: Myndir á sýningu
Petri Sakari, hljómsveitarstjóri

2015

Dmítríj Shostakovítsj: Sinfónía nr. 10
Eivind Aadland, hljómsveitarstjóri

2016

Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 5
Eivind Aadland, hljómsveitarstjóri

2017

Ígor Stravinskíj: Vorblót
Daniel Raiskin, hljómsveitarstjóri

2018

Pēteris Vasks: Viatore
Dmítríj Shostakovítsj: Sinfónía nr. 5
Daniel Raiskin, hljómsveitarstjóri

2019

Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 9
Daniel Raiskin, hljómsveitarstjóri

2021

Jean Sibelius: Sinfónía nr. 2
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri

Ungsveit á Tectonics 2013

Robert Ashley: In memoriam...
Crazy Horse – sífónía fyrir blásara og
strengjahljóðfæraleikara
Stephen Montague: In memoriam Jim
Tenney fyrir stóran hóp hljóðfæra og/eða
radda
Ilan Volkov, hljómsveitarstjóri

Ungsveit á Tectonics 2014

Alvin Curran: Beams
Alvin Curran, hljómsveitarstjóri
Robyn Schulkowsky: Spunaverk
Robyn Schulkowsky, hljómsveitarstjóri

Ungsveit á Tectonics 2015

Hafdís Bjarnadóttir: Sveimur
Hafdís Bjarnadóttir, hljómsveitarstjóri

Ungsveit á Myrkum músíkdögum 2017

John Luther Adams: Sila:
The Breath of the World
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri



Skemmtilegir kokteilar, frábær matur
www.slippbarinn.is



Notalegt, ferskt og fallegt
www.satt.is



Fáguð matargerðarlist
www.vox.is



Litríkur, fjörugur og sérvitur
www.geirismart.is

Heil sífónía fyrir sælkera

Fullkomnaðu stemninguna með frábærri máltíð eða hressandi drykk á úrvals veitingastað.



satt

SLIPBARINN

Á döfinni

29.09 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Eva stjórnar Vorblóti

Flutningur Vorblóts eftir Stravinskíj telst ávallt stórviðburður hér á landi en verkið er meðal dádustu hljómsveitarverka 20. aldar og um leið eitt hið áhrifamesta. Þannig kallaði tónskáldið og hljómsveitarstjórinn Pierre Boulez það „fæðingarvottorð nútímatónlistar“. Vorblót er kraftmikill lokahnykkur á efnisskrá þessara tónleika, þar sem fyrri hlutinn hverfist um glæsilega fulltrúa íslenskrar samtímatónlistar en Anna Þorvaldsdóttir er í hópi áhrifamestu tónskálda samtímans. Verk hennar eru flutt af fremstu hljómsveitum heims, þar á meðal CATAMORPHOSIS sem var pantað af Berlínarfílharmóníunni. Þá hafa gagnrýnendur vart haldið vatni yfir verkum eftir Veronique Vöku en á tónleikunum hljómar glænýtt verk, Gemæltan. Það var svo sellóleikarinn Sæunn Þorsteinsdóttir, staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands 2022-23, sem pantaði verkið Bow to String hjá Daníel Bjarnasyni og frumflutti það en verkið hljóðritaði hún undir stjórn tónskáldsins á plötunni Processions.

30.09 FÖSTUDAGUR
Kl. 18:00



Skógarkyrrð með Sæunni

Sæunn Þorsteinsdóttir, staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands á yfirstandandi starfsári, er ötull boðberi nýrrar tónlistar en einnig í stöðugum og frjóum tengslum við hefðina. Á þessum tónleikum í Föstudagsröð Sinfóníunnar leiðir hún áheyrendur í spennandi óvissuferð um heillandi hljóðheim sellósins á klukkustundarlöngum tónleikum í Norðurljósum, en efnisskráin rúmar meðal annars Skógarkyrrð Dvořáks, glænýtt einleiksverk fyrir selló eftir Veronique Vöku og hið grípandi og kraftmikla verk Pierre Boulez Messagesquise fyrir einleikselló og sex meðleiksselló. Þá hljóma tvö verk ungra kventónskálda sem vakið hafa mikla athygli undanfarin ár. Með Sæunni leika hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands en um tónsprotann heldur staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Nathanaël Iselin.

Ungsveit SÍ 2022

1. fiðla

Austin Ching Yu Ng
Helga Diljá Jörundsdóttir
Eyrún Huld Ingvarsdóttir
Tómas Vigur Magnússon
Elísabet Anna Dudziak
Þórdís Emilía Aronsdóttir
Björney Anna Aronsdóttir
Margrét Lára Jónsdóttir
Elísabet Jóhannesdóttir
Hrafnhildur Halla
Sigurðardóttir
Páll Viðar Hafsteinsson
Haraldur Áss Liljason
Katrín Jónsdóttir
Ari Þór Vilhjálmsson
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir

2. fiðla

Sara Karín Kristinsdóttir
Þórunn Sveinsdóttir
Rozalia Mietus
Lóa Floriansdóttir Zink
Íris Torfadóttir
Þórunn Helena Jónsdóttir
Júlía Guðmundsdóttir
Gähwiller
Magnús Torfason
Selma Elisa Ólafsdóttir
Marianna Arney Ívarsdóttir
Oddný Þórarinsdóttir
Sólrún Svava Kjartansdóttir
Páll Palomares
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir

Víóla

Hafrún Birna Björnsdóttir
Fídel Altí Quintero Gasparsson
Diljá Finnsdóttir
Katrín Karítas Viðarsdóttir
Bríet Finnsdóttir

Arndís Ólafía Snorraddóttir
Magnea Þorfinnsdóttir
Helga Björg Kjartansdóttir
Hugrún Eva Haraldsdóttir
Svanhildur Margrét Arnalds
Eyjólfur Bjarni Eyjólfsson

Selló

Arnar Geir Halldórsson
Helga María Guðmundsdóttir
Soffía Jónsdóttir
Gunnar Ingi Gunnarsson
Rún Árnadóttir
Helga Guðný Hallsdóttir
Anton Ragnar Vigfússon
María Qing Sigríðardóttir
Guðný Jónasdóttir

Kontrabassi

Xun Yang
Dagur Bjarnason
Jacek Karwan
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson

Flauta

Lilja Hákonardóttir
Karen Jóna Steinarsdóttir
Hildur Arna Hrafnadóttir

Óbó

Silja Ratilainen
Andreas Guðmundsson
Gähwiller
Össur Ingi Jónsson

Klarínnett

Ásdís Birta Guðnadóttir
Alvilda Eyvör Elmarsdóttir
Atli Mar Baldursson

Fagott

Hrafn Marinó Thorarensen
Guðrún Erlendsdóttir

Horn

Erling Róbert Eydal
Daníel Kári Jónsson
Þórunn Eir Pétursdóttir
Sara Rós Hulda Róbertsdóttir
Þorgerður Þorkeldsdóttir

Trompet

Ingunn Erla Sigurðardóttir
Pétur Arnþórsson
Bergur Daði Ágústsson
Yrja Orsolya Szabó

Básúna

Svava Freysdóttir
Vilhjálmur Guðmundsson
Valtýr Ferrell

Túba

Daníel Birkir Snorrason

Pákur

Matiss Leo Meckl

Slagverk

Magnús Már Newman
Hekla Sif Sævaldsdóttir
Brekki Freysson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Jökull Torfason
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri

Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningastjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfssdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Guðmundur Andrés Erlingsson
sviðs og tæknimaður



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Sinfónían á betra verði

Með Skólakorti Sinfóníunnar fá allir
nemar, 25 ára og yngri, miða á tónleika
Sinfóníunnar fyrir aðeins **2.100 kr.**
ef miðinn er keyptur samdægurs.

Hægt er að sækja um kortið í miðasölu
Hörpu eða á sinfonia.is/skolakort.

SINFONIA.IS